

**Ed,**

**479. Breytingartillögur**

við frumvarp til laga um lánsfjelög.

Flutningsm.: Björn Kristjánsson.

1. Við 2. gr. Orðið »samvinnukaupfjelaga« falli burt.
2. Við 3. gr. Greinin falli burt.
3. Við 4. gr. a. Aftan við liðinn bætist: Eigi geta þeir menn orðið fjelagar, sem standa beint eða óbeint i sjálfskuldarábyrgð fyrir önnur fjelög eða fjelagssambönd.
4. Við 4. gr. d. Aftan við liðinn bætist: Skal varasjóðurinn jafnan vera eign fjelagsins og fjelagsmanna, einnig við fjelagsslit.
5. Við 4. gr. e. Liðurinn orðist svo:  
Fjelagsmaður getur sagt sig úr fjelaginu, en gera skal hann það skriflega, að minsta kosti 6 mánuðum áður en aðalfundur er haldinn, og gildir þá úrsögn hans frá aðalfundardegi.

Uppgerð úrsegjanda við fjelagið miðast við efnahag þess og tölu fjelagsmanna við þess árs lok, er hann segir sig úr fjelaginu, og skal inn-eign úrsegjanda greiðast honum innan 6 mánaða eftir aðalfundinn, en ekkert ber honum af varasjóði eða öðrum eignum fjelagsins. Hrökkvi eignir fjelagsins, að meðtöldum varasjóði, ekki fyrir skuldum, skal úrsegjandi greiða sinn hlut af því, sem á vantar. Hlutur hans skal ákveðast á þann hátt, að deila summunni, sem eignir eru ekki til fyrir, með tölu fjelagsmanna.

6. Við 4. gr. f. Á undan f-lið komi nýr f-liður, svo hljóðandi:

Heimilt er lánsfjelögum innan takmarka hveurrar sýslu að mynda samband til að annast innkaup á vörum, vörusölu, lántökum og endurskoðun hjá fjelögum þeim, sem í sambandinu eru. En eigi mega lánsfjelögin ganga í neinskonar ábyrgð fyrir samband sitt nje önnur fjelög.

7. f-liður verði g-liður.

8. Á eftir 5. gr. komi ný 6. gr., svo hljóðandi:

Á fjelagsfundum og í allri fjelagsstarfseminni skulu útilokaðar allar umræður eða ráðstafanir trúarbragðalegs eða stjórnmálaeðlis.

9. Við 13. gr. Greinin orðist svo:

Medlimir lánsfjelaga skulu aðeins greiða helming lögákveðinna þinglestrargjalda og stimpilgjalda. Svo eru lánsfjelögin undanþegin lögskráningargjöldum.